

## Víðidalstunga II: Fréttir mars 2010

Þá er sólin farin að skína góðan hluta dagsins. Styttist heldur betur í vorið, skemmtilegasta tíma ársins og jafnframt annasamasta tíma ársins. Það er mikið riðið út en eins og oft áður væri ágætt að hafa meiri tíma til að vera í hesthúsinu.

Nú er komið ár síðan við byrjuðum með þessa heimasíðu og eru heimsóknir orðnar yfir 6000. Takk fyrir að kíkja á okkur!

**Þytur**, Hestamannafélagið okkar, varð 60 ára þann 26. febrúar s.l. Haldið var upp á þessi tímamót þann 27. febrúar í nýju reiðhöll félagsins og var formleg vígsla reiðhallarinnar þann dag.

Heilmikil dagskrá var í höllinni, hestasýningar og veislukaffi sem hægt er sjá allt um á heimasíðu félagsins: <http://www.123.is/thytur>. Við vorum með 4 hross í ræktunarbússýningu og fengum góða knapa til að sýna þau fyrir okkur. Þessar myndir tókum við á æfingu sem var í vikunni fyrir afmælið.



Gréta og Vídalín.  
Nei .... Ljósastaurinn var ekki hluti af búningnum. Hann reyndist of þungur fyrir þau og of hár til að komast inn um dyrnar á reiðhöllinni.



Logi og Auður, flott saman.



James og Sóldögg, líka flott saman.

Ekki náðist mynd af Aþenu og Þóri, þau fóru svo hratt yfir. Í staðin fengum við lánaða þessa mynd af heimasíðu Þyts. Myndin er af þeim öllum 4 og er tekin á sýningunni.





Þarna er alltaf hjá Þóri á Lækjamóti. En hún er ekki flutt að heiman því við erum ákveðin í að eiga hana þrátt fyrir mörg góð boð. Einnig er Álfrún systir hennar farin til Þóris í tamningu og þjálfun.

Stjörnunótt hefur verið í tamningu í Hrísum í vetur en fer að koma heim. Það lítur út fyrir að hún fái að taka því rólega á næstunni og líklega fer hún bara á heiðina í sumar og býr sig undir frekara nám næsta vetur. Hún er ekki eins bráðþroska og systkyni hennar þau Rökkvi og Sóldögg. Þarf aðeins meiri tíma en er mjög flott hryssa.

Kardínáli er enn í Hrísum og eru þau bara ánægð með hann.



Öll folöldin 7 eru komin inn. Þau fara daglega út að viðra sig. Eigum við bara 3 þeirra. Eitt þeirra er til sölu. Það er **Assa** frá Víðidalstungu II. Móðir hennar er Salvör frá Galtanesi og faðirinn er **Gammur frá Steinnesi**. Assa sýnir allan gang. Tekur þvílíka skeiðspretti þegar þannig liggur á henni.



**Pia** sést lengst til hægri. Vegna þess hve sólahringurinn er stuttur þá gengur hægt en örugglega með hana í tamningunni. Búið að fara þónokkuð á bak henni í gerði og aðeins farið að fara í stutta reiðtúra. Hún fór í tamningu í mánuð og kom heim með góðan grunn til að byggja á. Pia hefur mikinn fótaturð og ætti að geta orðið gott reiðhross. **Hún er til sölu.** Fleiri myndir af henni og upplýsingar á **sölusíðunni**.



# Nokkrar myndir sem teknar voru þegar farið var venjubundna ferð með hey í útiganginn



Sök



Þessar sváfu vært. Sök og Náttdröfn.

Draumur og Hraundal. Líklega verður endirinn sá að Draumur verður bara úti í vetur vegna plássleysis og tímaleysis. Hraundal er einn af nokkrum gestum í stóðinu og bíður þess að verða fullorðinn. Mjög fallegur hestur undan Smára frá Skagaströnd og Stiklu frá Hvammstanga.



Djásn, f. 2007, mikið tilhlökkunar efni að temja þessa. Verulega spennandi unghryssa undan Sök frá Hvammi og 1v. hestinum Kramsa frá Blesastöðum 1a. Sök er undan Djásn frá Heiði og Hrannari frá Kýrholti.